

Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

2. fundur stjórnar 2025-2026 mánudaginn 16. júní 2025

kl. 12.00 - 14.00 í Gimli 301 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Kári Kristinsson og Zophonías Oddur Jónsson.

Á Teams: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir og Þröstur Olaf Sigurjónsson.

Forföll: Hermína Gunnþórsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Gestir: Andri Valur Ívarsson og Steinunn Bergmann.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð 1. stjórnarfundar frá 5. júní 2025 lögð fram til afgreiðslu (Fskj. 1)
2. Skrifstofa félagsins. Leigusamningur (Fskj. 2)
3. Ofgreiðsla launa þann 1. maí síðastliðinn og viðbrögð Fjársýslunnar
4. Sérstakur mennta- og fræðslusjóður í kjarasamningi FPR og ráðstöfun hans
5. Sameining akademísku starfsfólks
6. Kröfur á kennara í rannsóknaleyfi
7. Næsti fundur
8. Önnur mál

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.05.

1. Fundargerð 1. stjórnarfundar frá 5. júní 2025 lögð fram til afgreiðslu. (Fskj. 1)

Fundargerðin er ekki tilbúin og verður afgreidd í tölvupósti.

Dagskrárliðir 2 og 3 voru teknir fyrir á eftir dagskrárliðum 4 og 5.

2. Skrifstofa félagsins. Leigusamningur. (Fskj. 2)

Steinunn Bergmann formaður Félagsráðgjafafélags Íslands kom inn á fundinn kl. 12.55. Hún er tengiliður við leigufélagið Bygg (Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.) sem leigir út skrifstofuhúsnæði á 2. hæð í Borgartúni 27 til FPR og níu annarra aðildarfélaga BHM. FPR býðst samningur áfram á sömu kjörum í sex ár til viðbótar. Er það sami leigutími og skrifstofa BHM hefur samið um. Rætt var um uppsagnarákvæði samningsins eins og fram kom á stjórnarfundinum 5. júní sl. Steinunn upplýsti að í samningnum er ekkert uppsagnarákvæði en hægt er að leigja öðrum aðila ef vilji er fyrir því.

Steinunn vék af fundi kl. 13.05.

Stjórn samþykkti leigusamninginn samhljóða.

3. Ofgreiðsla launa þann 1. maí síðastliðinn og viðbrögð Fjársýslunnar.

Formaður ræddi afgreiðslu launa þann 1. maí síðastliðinn. Skoða þarf betur viðbrögð félagsins vegna afgreiðslu Fjársýslunnar á málinu. Sigrún er búin að fá fleiri pósta og

símtöl frá félagsfólki sem á erfitt með að skilja hvað gerðist og telur upplýsingar frá Fjársýslunni misvísandi eða ekki réttar.

Umræður voru um mögulegar aðgerðir. Gera má kröfu um að hver félagsmaður fái nákvæmar skýringar á ofgreiðslunni án þess að hver og einn þurfi að kalla eftir því sérstaklega. Einnig kemur til greina að krefjast þess að Fjársýslan taki á sig hluta ofgreiðslunnar.

Andri Valur Ívarsson lögmaður BHM kom inn á fundinn á Teams kl. 13.05.

Það er álit Andra Vals að þegar slík mistök eiga sér stað þarf að útskýra það vel fyrir fólki. Mögulega ættu þeir sem fengu ofgreiðslu að senda beiðni til Fjársýslunnar þar sem farið er fram á skýringar á henni. Það er hófleg krafa að biðja um það. Einnig er hægt að fara fram á það að fólk fái bréf með skýringum án þess að það þurfi að biðja um það sérstaklega. Í kjölfarið getur félagið farið fram á það að Fjársýslan geri samantekt á því hvað fór úrskeiðis og skýri ástæðu þess af hverju það tók svona langan tíma að finna út úr því.

Andri Valur vék af fundi kl. 13.30.

Ákveðið var að senda bréf til Fjársýslunnar með kröfu um að þeir sendi bréf til þeirra sem fengu ofgreitt þar sem málið er útskýrt með útreikningum. Jafnframt verður óskað eftir minnisblaði með skýringum á því sem fór úrskeiðis.

4. Sérstakur mennta- og fræðslusjóður í kjarasamningi FPR og ráðstöfun hans.

Framkvæmdastjóri sagði að samkvæmt kjarasamningi greiði vinnuveitandi mánaðarlegt framlag til FPR sem nemur 0.1% af heildarlaunum félagsfólks. Áður fóru greiðslurnar til BHM. Eins og áður skal þessum fjármunum varið til hagfræðilegra greininga, fræðslu trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsfólks. Breytingin felur í sér að nú ákveður félagið hvers konar greiningar eru gerðar og hver framkvæmir þær. Það sama á við um námskeið og fræðslu trúnaðarmanna sem dæmi.

Ýmis verkefni liggja fyrir sem nýta má fjármagnið í. Nauðsynlegt er að gera greiningar til að vera vel undirbúinn fyrir næstu kjarasamninga. Greina þarf kostnað vegna langskólamenntunar samkvæmt bókun 11 í kjarasamningi og taka virkan þátt í vinnu við undirbúningi á nýju kerfi um virðismat starfa samanber bókun 12 sem dæmi.

Umræða var um málið og ýmsar útfærslur skoðaðar. Í skoðun er að ráða starfsmann í verkefnið í samstarfi við FH, FHA og FÍN sem eru með margt félagsfólk með doktorspróf. Sigrúnu var falið að vinna áfram með málið. Þegar tillaga liggur fyrir verður hún tekin fyrir á stjórnarfundum áður en ákvörðun er tekin.

5. Sameining akademíks starfsfólks.

Formaður sagði frá sínum þælingum varðandi sameiningu akademíks starfsfólks í eitt félag. Umræða var um samningsumboðið og þá sjóði sem fólk er búið að safna í. Samþykkt var að kalla eftir lögfræðilíti um málið.

6. Kröfur á kennara í rannsóknaleyfi.

Formaður sagði frá auknum kröfum á kennara í rannsóknaleyfi um að taka að sér ýmis verkefni á meðan, svo sem að leiðbeina nemendum við lokaritgerðir sem er ekki í lagi. Ákveðið var að senda deildarforsetum bréf um málið.

7. Næsti fundur.

Eins og ákveðið var á seinasta fundi verður fyrsti fundur eftir sumarfrí föstudaginn 15. ágúst kl. 12-14 við Háskólatorg, stofu HT-207.

8. Önnur mál.

Samanburður á launakjörum akademíks starfsfólks á Norðurlöndum.

Rætt var um norræna fundinn í Finnlandi dagana 10. og 12. júní sl. Eyja Margrét og Zophonías voru fulltrúar FPR á fundinum. Zophonías sagði frá könnun á launakjörum starfsfólks á Norðurlöndum sem kynnt var á fundinum. Könnunin sýndi samanburð á kaupmætti akademíks starfsfólks á milli landa. Áhugi er fyrir því að fá nánari upplýsingar um hvaðan tölurnar koma og hvort þær séu samanburðarhæfar. Gögnin nýtast í greiningarvinnu sem farið verður at stað með þegar ákvörðun liggur fyrir samanber dagskrárlið 4.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.05.

Fundarritari: LÞ.